

Dagskrá stjórnarfundar nr. 9
27. febrúar 2013 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Guðmundur A Guðmundsson og Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

1. Grundvallarreglur HRFÍ

Endurskoðun á grundvallareglum frá Guðmundi A. Guðmundsyni. Stjórn er sammála um tillögur Guðmundar. Vangaveltur um grein 2.8. Skv. FCI International Breeding Strategies 3 gr. þá ætti þörun milli alsystkina, móður og sonar eða föður og dóttur aldrei að eiga sér stað. Við þurfum því að breyta gr.2.8 til samræmis við það. Fá lögfræðialit á lið 1.3 og þegar að reglurnar eru tilbúna leggja þær fyrir aðalfund félagsins.

Björn bókar mótmæli við breytingu á grein 2.8.

2. Tölvupóstur frá stjórn Schäferdeildar þann 16. janúar 2013.

Stjórn Schäferdeildarinnar tók fyrir tvö bréf á stjórnarfundum þann 16. janúar sem deildinni bárust þann 15. og 16. janúar. Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin vill stjórn Schäferdeildarinnar óska eftir fundi með stjórn HRFÍ.

Stjórn Schäferdeildar kom á fund og málin voru rædd.

3. Kynningar- og fræðslufundur fyrir félagsmenn HRFÍ

Fundurinn var haldinn 11. febrúar kl. 20.00 í Gerðubergi. 55 manns voru á fundinum.

Fundarefni:

• Frumvarp um breytingu á lögum um innflutning á gæludýrum. Gæludýravegabréf.

Þingmaðurinn Helgi Hjörvar kynnti og svaraði fyrirspurnum. Ólína Þorvarðardóttir komst ekki á fundinn vegna anna í þinginu og bað fyrir kveðju á fundinn.

• MAST – Innflutningur gæludýra til Íslands og gæludýrapassinn í Evrópu.

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Þorvaldur Þórðarson framkvæmdastjóri inn- og útflutnings og Charlotta Oddsdóttir sérgreinadýralæknir inn- og útflutnings kynntu og svöruðu fyrirspurnum.

Niðurstaða fundarins:

Ekki útlit fyrir að gæludýravegabréf verði leyft í bráð. Nauðsynlegt að framkvæma nýtt áhættumat, sem er bæði tímafrekt og dýrt að sögn yfirdýraæknis. Má vera að hægt verði að stytta einangrun í tvær vikur, sem væri e.t.v. ásættanlegur millivegur þar til gæludýravegabréf verða leyfð. Helgi Hjörvar segist ætla að beita sér í þeim efnum. Helgi Hjörvar sagði reyndar að það væri ekki spurning um hvort heldur hvenær gæludýravegabréf verður leyft.

Um fjöllum um innflutning gæludýra og gæludýravegabréf var í MBL í sömu viku.

4. Alþjóðleg hundasýning HRFÍ

Fór fram helgina 23. – 24. Febrúar, 806 hreinræktaðir hundar af 79 hundategundum voru skráðir á sýninguna, sem haldin var í Klettagörðum Sex dómarafrá fjórum löndum; Danmörku, Króatíu, Írlandi og Svíþjóð dæmdu í sex sýningarhringjum samtímis.

Keppni ungra sýnenda fór fram föstudagskvöldið 22. febrúar kl.18:00. 26 ungmenni tóku þátt. Dómari var Kathleen Roosen frá Belgíu. Sjálfboðaliðar frá sex deildum aðstoðuðu framkvæmdanefnd með uppsetningu, niðurtöku og vinnu á sýningunni og vill stjórn þakka öllum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir aðstoðina.

Ágætis umfjöllun var um sýninguna í fjölmiðlum. Viðtal við framkvæmdastjóra og fleiri hjá RÚV.

Sænski dómariinn Göran Bodegård hélt erindi fyrir dómarafrá HRFÍ eftir sýninguna um „Special Breed Specific Instructions (BSI) regarding exaggerations in pedigree dogs“.

5. Endurskoðaðar veiðiprófsreglur fyrir tegundahóp 7

Stjórn er sammála um að senda til deildanna og dómaraáðs til umsagnar áður en stjórn tekur afstöðu til málsins.

6. Erindi frá ræktunardeild Siberian Husky um breytingu á reglugerð um skráningu í ættbók.

Ákveðið var að skoða stöðuna á tegundinni hjá félaginu áður en ákvörðun er tekin um framhaldið.

7. Reglur um Dómaraáð fyrir tegundahóp 7.

Frestað – Sent til dómaraáðs til umsagnar.

8. Fundargerð frá fund dómaraáðs 17. janúar 2013.

Tölvupóstur frá Pétri Alan Guðmundssyni 23. janúar 2013:

„Mættir eru: Ferdinand Hansen, Guðjón S. Arinbjörnsson, Sigurður Ben. Björnsson, Pétur Alan Guðmundsson, Egill Bergmann og Svafar Ragnarsson.

Fundarboð:

1. Dómaraáðsreglur.
2. Niðurröðun dómara á próf ársins 2013.
3. Umsóknir um að hefja nám til fuglahundadómara.
4. Endurskoðaðar veiðiprófsreglur.

1. Dómaraáðsreglur.

Málið er í biðstöðu þar til deildir í tegundarhóp 7 hafa lokið yfirferð og sent umsagnir til stjórnar HRFÍ fyrir 1. Feb. 2013.

Dómaraáð óskar eftir að álykta um umsagnir deildanna og koma að breytingum, ef þurfa þykir, á reglum þeim sem lagðar voru fram af Ólafi E. Jóhannssyni til stjórnar HRFÍ.

2. Niðurröðun dómara á próf ársins 2013.

Dómaraáð röðuðu sér á próf ársins og senda til deildanna.

3. Umsóknir um að hefja nám til fuglahundadómara.

Stjórn Fuglahundadeildar hefur samþykkt tvo dómaraanema sem sóttu um til deildarinnar.

Umsækjendurnir eru Vilhjálmur Ólafsson og Henning Þór Aðalmondsson.

Dómaraáð samþykkti umsækjendurna að því tilskyldu að,

báðir umsækjendur skili inn staðfestingu á gildu veiðikorti.

Samþykki stjórn HRFÍ nemana mun dómaraáð setja upp námsáætlun fyrir þá.

4. Endurskoðaðar veiðiprófsreglur.

Endurskoðunar nefnd veiðiprófsreglna fyrir tegundarhóp 7 hefur ekki skilað af sér tillögum að nýjum reglum, og mun dómaraáð taka afstöðu til þeirra um leið og þær berast. “

9. Fundargerð dómaraáðs 31. janúar 2013

Tölvupóstur frá Svavari Ragnarssyni 4. febrúar 2013.

„Mættir eru: Guðjón S Arinbjarnarson, Sigurður Ben Björnsson, Egill Bergman, Svafar Ragnarsson

Fundarefni:

1. Vorsteh deild óskar eftir dómurum á próf deildarinnar
2. Gögn frá umsækjendum til Fuglahundadómara.
3. Veiðiprófsreglur fyrir tegundarhóp 7.
4. Punktur frá síðustu misserum.

1. Dómaraáð á próf Vorsteh deildar, Svafar Ragnarsson á sækipróf (10 ágúst) og Guðjón S Arinbjarnarson á haustprófið. (27-29 sept)

2. Báðir umsækjendur um dómaraánám hafa skilað viðeigandi gögnum sem vanntaði upp á við umsókn, til dómaraáðs þeas afriti af gildum skotvopnaleyfum og veiðikortum.

3. Rætt um breytingar veiðiprófsreglna, samþykkt að breyta útskýringum í dómarahandbók til samræmis breytingum.

4. Farið yfir atburði veiðiprófa síðastliðins árs“

Formlegt erindi þarf að koma til stjórnar um nýja dómaraanema, ásamt fylgigögnum áður en stjórn tekur afstöðu til málsins

10. Umsögn laganefndar HRFÍ

Málinu frestað til næsta fundar, skrifstofa mun gera kostnaðargreiningu á kostnaði skrifstofu áður en stjórn tekur afstöðu til málsins.

11. Erindi frá Íþróttadeild

Tölvupóstur 1. febrúar:

„Íþróttadeild HRFÍ hefur flutt tækjagám sinn uppí reiðhöll Andvara þar sem að Kópavogsbær hefur tekið yfir Gustshöllina og ekki í boði að æfa þar áfram. Við óskum hér með eftir samþykki stjórnar HRFÍ fyrir eftirfarandi keppnisdaga í hundafimi árið 2013. Ragnar dómari hefur þegar samþykkt að dæma á þessum dagsetningum.

2. mars

27. apríl

5. október

30. nóvember

Þetta eru allt laugardagar. Við settum inn fyrirvara hjá Andvara að ef að höllin er upptekin fyrir hestamenn einhvern þessara laugardaga að þér fengjum við að halda mótið á sunnudeginum á.“

Samþykkt.

12. Erindi frá skrifstofu HRFÍ

Óskum eftir því að stjórn taki afstöðu til þess hvaða upplýsingar um eigendur deildir mega birta. Sumar deildir eru með gagnagrunna og vilja fá á hreint hvort þau megi birta fullt nafn eiganda, heimilisfang, netfang og/eða síma úr félagatali deildarinnar. Sumar deildir birta allt, aðrar sumt og enn aðrar engar upplýsingar um hundaeign félagsmanna og við eigum erfitt með að svara nákvæmlega hversu mikið eða lítið má birta opinberlega án þess að fá til þess leyfi eiganda.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að senda fyrirspurn til Persónuverndar um málið

13. Önnur mál.

- Rætt var að hafa opið hús fyrir félagsmenn á 6-8 vikna fresti á skrifstofunni.
- Ákveðið var að fá fund með aðilum sem unnið hafa í nýja tölvukerfinu sem fyrst til að kanna stöðu mála.

Næsti fundur er áætlaður 20.mars kl.17.00 og fulltrúaráðsfundur kl. 20.00 sama kvöld.

Fundi slitið kl.18:50.

Sign:

Jóna Th. Viðarsdóttir, Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Guðmundur A Guðmundsson og Auður Sif Sigurgeirsdóttir.